

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Bovilis Nasalgen-C frostþurrkað nefúðaduft og leysir, dreifa fyrir nautgripi

2. INNIGHALDSLÝSING

Hver skammtur (2 ml) af blönduðu bóluefni inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Lifandi, veikluð nautgripakórónuveira, stofn CA25: $5,4 - 7,8 \log_{10} \text{TCID}_{50}$ *

*Skammtur sem þarf til að sýkja 50% af frumum í vefjaræktun.

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
<u>Frostþurrkað lyf</u>
Jurtaefni
Vatnsrofið gelatín
Kasein, melt með ensínum úr brisi
Sorbitól
Tvínatriumfosfat tvíhýdrat
<u>Leysir (Unisolve)</u>
Tvínatriumfosfat tvíhýdrat
Kalíumtvívetnisfosfat
Natríumklórið
Súkrósi
Vatn fyrir stungulýf

Frostþurrkað lyf: Hvít eða beinhvítt.

Leysir: tær, litlaus lausn.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Nautgripir.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategendum

Til virkrar ónæmingar hjá nautgripum frá fæðingu til að draga úr klínískum teiknum sjúkdóms í efri hluta öndunarvegar og veiruútskilnaði um nasir vegna sýkingar af völdum nautgripakórónuveiru.

Ónæmi myndast eftir 5 daga.

Ónæmi endist í 12 vikur.

3.3 Frábendingar

Engar.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Ákjósanlegast er að bólusetja dýrin a.m.k. 5 – 7 dögum fyrir streitutímabil eða aukið sýkingarálag.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggar notkunar hjá markdýrategundunum:

Bólusettir nautgripir geta skilið bóluefnisstofniinn út um nasir eða munn eftir bólusetningu. Útskilnaðar hefur orðið vart í allt að 9 daga eftir bólusetningu en hann getur verið viðvarandi í lengri tíma.

Bóluefnisstofninn getur borist til annarra nautgripa. Ekki hefur verið rannsakað hvort hann berst til annarra dýrategunda en ekki er hægt að útiloka það.

Mælt er með að bólusetja alla kálfa í hjörðinni.

Viðeigandi lífvarnir til að takmarka hættu á að sýking af völdum nautgripakórónuveiru komi upp og berist áfram á viðkomandi svæði eiga að vera hluti af aðgerðum.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Nautgripir:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Útferð úr nösum, hraðari öndun, hósti Hækkaður líkamshiti ¹
Algengar (1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð):	Útferð úr augum

¹ Hækkaður líkamshiti, allt að 40,7°C, sem gengur venjulega til baka innan þriggja daga.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða lyfjayfirvalda. Sjá einnig kaflann „Tengiliðaupplýsingar“ í fylgiseðli.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og mjólkurgjöf:

Dýralyfið má nota á meðgöngu.

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins við mjólkurgjöf.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Fyrir liggja upplýsingar um öryggi og verkun sem sýna fram á að gefa má þetta bóluefni sama dag og Bovilis INtransal RSP Live en ekki má blanda lyfjunum saman. Gefa skal bóluefnin hvort í sína nösina. Lesa skal lyfjaupplýsingar um hitt dýralyfið áður en það er gefið.

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýralyfi en ofangreindu bóluefni.

Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar í nef.

Gefa skal kálfinum stakan skammt sem nemur 2 ml af blönduðu bóluefni í aðra nösina á fæðingardegi eða síðar.

Blanda skal frostþurrrkaða lyfinu við meðfylgjandi leysi (Unisolve) eins og lýst er hér að neðan. Ganga skal úr skugga um að frostþurrrkaða lyfið sé fyllilega blandað fyrir notkun.

Blandaða lyfið er litlaus eða beingul dreifa.

Leiðbeiningar fyrir blöndun:

Blanda skal frostþurrrkaða lyfið á réttan hátt með því að flytja leysinn í hettuglasið með frostþurrrkaða lyfinu með flutningsnál eða nál og sprautu.

Þegar um er að ræða umbúðir með 10, 20 og 50 skömmum krefst það tveggja skrefa blöndunar þar sem leysirinn er settur í hettuglasið með frostþurrrkaða lyfinu og síðan astur í hettuglasið með leysinum.

Sjá viðeigandi rúmmál í töflunni hér fyrir neðan. Lofttæmið í bóluefnishettuglasinu auðveldar það að setja leysinn hratt í hettuglasið með frostþurrrkaða lyfinu. Tryggja skal að lyfið endurdreifist fyllilega með því að hrista hettuglasið. Draga má bóluefnisdreifuna upp í sprautu með hreinum stút. Einnig má setja hettuglasið með blandaða bóluefninu í fjölskammta gjafarbúnað.

Bóluefnið er nú tilbúið til gjafar í nös, beint úr stút sprautu eða gjafarbúnaði. Ekki þarf á úðabúnaði að halda.

Við bólusetningu dýra er mælt með að skipta um sprautur eða stút fjölskammta gjafarbúnaðar fyrir hvert dýr til að koma í veg fyrir sýklasmit.

Skammtar í hettuglasi	Nauðsynlegt rúmmál leysis	Rúmmál skammts
1	2 ml	2 ml
5	10 ml	2 ml
10	20 ml	2 ml
20	40 ml	2 ml
50	100 ml	2 ml

3.10 Einkenni ofskömmtnar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Ekki varð vart við aðrar aukaverkanir en þær sem tilgreindar eru í kafla 3.6 eftir að of stór skammtur sem nam 10-földum skammti var gefinn af bóluefninu.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr haetu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI02AD10

Bóluefnið örvar virkt ónæmi gegn nautgripakórónuveiru.

Bóluefnið örvar genatjáningu á viðtökum og frumuboðefnum sem taka þátt í eðlislægri ónæmissvörum gegn veirum.

5. LYFJAGERÐARFRÆDILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við neitt annað en leysi sem fylgir til notkunar með því.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum:

Frostþurrkað lyf: 2 ár.

Leysir (2 ml): 3 ár.

Leysir (10, 20, 40, 100 ml): 5 ár.

Geymsluþol eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum: 24 klst.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Frostþurrkað lyf:

Geymið í kæli ($2^{\circ}\text{C} - 8^{\circ}\text{C}$).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Leysir:

Geymið við lægri hita en 25°C ef geymt án frostþurrkaðs lyfs.

Má ekki frjósa.

Blandað bóluefni:

Geymið við stofuhita.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Frostþurrkað lyf:

Hettuglas úr gleri af gerð I með 1, 5, 10, 20 eða 50 skömmum, lokað með halógenbútýl-gúmmítappa og álloki.

Leysir:

Hettuglas úr gleri af gerð I með 2 ml af Unisolve, lokað með halógenbútýl gúmmítappa og álloki.

Hettuglas úr gleri af gerð II með 10 ml, 20 ml, 40 ml eða 100 ml af Unisolve, lokað með halógenbútýl-gúmmítappa og álloki.

Pakkningastærðir:

Pappaaskja með:

- 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 2 ml af leysi
 - 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 10 ml af leysi
 - 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 20 ml af leysi
 - 5 x 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 2 ml af leysi
 - 5 x 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 10 ml af leysi
 - 5 x 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 20 ml af leysi
-
- Pappaaskja með 20 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + pappaaskja með 40 ml af leysi
 - Pappaaskja með 50 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + pappaaskja með 100 ml af leysi

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

EKKI má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Intervet International B.V.

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/23/294/001-008

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 31/03/2023

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKODUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

{MM/ÁÁÁÁ}

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

ADRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

Pappaaskja með 1 skammti af frostþurrkuðu lyfi + 2 ml af leysi
Pappaaskja með 5 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + 10 ml af leysi
Pappaaskja með 10 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + 20 ml af leysi
Pappaaskja með 5 x 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 2 ml af leysi
Pappaaskja með 5 x 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 10 ml af leysi
Pappaaskja með 5 x 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 20 ml af leysi
Pappaaskja með 1 x 20 skömmum af frostþurrkuðu lyfi
Pappaaskja með 1 x 50 skömmum af frostþurrkuðu lyfi

1. HEITI DÝRALYFS

Bovilis Nasalgen-C frostþurrkað nefúðaduft og leysir, dreifa

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Lifandi, veikluð nautgripakórónuveira, stofn CA25: 5,4 – 7,8 log₁₀ TCID₅₀/skammt

3. PAKKNINGASTÆRD

1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 2 ml af leysi	(1 skammtur)
5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 10 ml af leysi	(5 skammtar)
10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 20 ml af leysi	(10 skammtar)
5 x 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 2 ml af leysi	(5 x 1 skammtur)
5 x 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 10 ml af leysi	(5 x 5 skammtar)
5 x 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 20 ml af leysi	(5 x 10 skammtar)
20 skömmum af frostþurrkuðu lyfi (+ 40 ml af leysi)	(20 skammtar)
50 skömmum af frostþurrkuðu lyfi (+ 100 ml af leysi)	(50 skammtar)

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Nautgripir.

5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í nef.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Eftir blöndun skal nota lyfið innan 24 klst.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli (2 °C – 8 °C).

Má ekki frijósa.

Verjið gegn ljósi.

Geyma má blandað bóluefni við stofuhita.

10. VARNAÐARORDIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNAÐARORDIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNAÐARORDIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFNA

Intervet International B.V.

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/23/294/001 (1 skammtur)

EU/2/23/294/002 (5 skammtar)

EU/2/23/294/003 (10 skammtar)

EU/2/23/294/004 (5 x 1 skammtur)

EU/2/23/294/005 (5 x 5 skammtar)

EU/2/23/294/006 (5 x 10 skammtar)

EU/2/23/294/007 (20 skammtar)

EU/2/23/294/008 (50 skammtar)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA (eingöngu leysir)

Pappaaskja með 40 ml hettuglasi með leysi
Pappaaskja með 100 ml hettuglasi með leysi

1. HEITI DÝRALYFS

Unisolve
Leysir fyrir Bovilis Nasalgen-C

2. VIRK INNIHALDSEFNI

3. PAKKNINGASTÆRD

40 ml (20 skammtar)
100 ml (50 skammtar)

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Nautgripir.

5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í nef.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 25°C ef geymt án frostþurrkaðs lyfs.
Má ekki frjósa.
Verjið gegn ljósi.

10. VARNAÐARORDIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNAÐARORDIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNAÐARORDIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFNA

Intervet International B.V.

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/23/294/007 (20 skammtar)
EU/2/23/294/008 (50 skammtar)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM

ÁLETRUN HETTUGLASS – Frostþurrkað lyf (hettuglas með 1, 5, 10, 20 eða 50 skömmum)
HETTUGLAS ÚR GLERI

1. HEITI DÝRALYFS

Bovilis Nasalgen-C



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

1 skammtur

5 skammtar

10 skammtar

20 skammtar

50 skammtar

Lifandi, veikluð nautgripakórónuveira: $5,4 - 7,8 \log_{10} \text{TCID}_{50}/\text{skammt}$

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Eftir blöndun skal nota lyfið innan 24 klst.

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI ÁLETRUN
HETTUGLASS MEÐ LEYSI**

**ÁLETRUN HETTUGLASS – Leysir (hettuglas með 2 ml, 10 ml, 20 ml, 40 ml eða 100 ml)
HETTUGLAS ÚR GLERI**

1. HEITI LEYSIS

Unisolve
Leysir fyrir Bovilis Nasalgen-C



2. INNIHALD TILGREINT SEM PYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI SKAMMTA

2 ml	(1 skammtur)
10 ml	(5 skammtar)
20 ml	(10 skammtar)
40 ml	(20 skammtar)
100 ml	(50 skammtar)

3. ÍKOMULEIÐIR

Lesið fylgiseðilinn.

4. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 25°C. Má ekki frjósa.

5. LOTUNÚMER

Lot {númer}

6. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

7. VARNAÐARORDIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEÐILL

1. Heiti dýralyfs

Bovilis Nasalgen-C frostþurrkað nefúðaduft og leysir, dreifa fyrir nautgripi

2. Innihaldslýsing

Hver skammtur (2 ml) af blönduðu bóluefni inniheldur:

Lifandi, veikluð nautgripakórónuveira, stofn CA25: $5,4 - 7,8 \log_{10}$ TCID₅₀*

* Skammtur sem þarf til að sýkja 50% af frumum í vefjaræktun

Frostþurrkað lyf: Hvít eða beinhvít.

Leysir: tær, litlaus lausn.

3. Markdýrategundir

Nautgripir.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til virkrar ónæmingar hjá nautgripum frá fæðingu til að draga úr klínískum teiknum sjúkdóms í efri hluta öndunarvegar og veiruútskilnaði um nasir vegna sýkingar af völdum nautgripakórónuveiru.

Ónæmi myndast eftir 5 daga.

Ónæmi endist í 12 vikur

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Ákjósanlegast er að bólusetja dýrin a.m.k. 5 – 7 dögum fyrir streitutímabil eða aukið sýkingarálag.

Sérstakar varúðarreglur til öruggar notkunar hjá markdýrategundum:

Bólusettir nautgripir geta skilið bóluefnisstofninn út um nasir eða munн eftir bólusettningu. Útskilnaðar hefur orðið vart í allt að 9 daga eftir bólusettningu en hann getur verið viðvarandi í lengri tíma.

Bóluefnisstofninn getur borist til annarra nautgripa. Ekki hefur verið rannsakað hvort hann berst til annarra dýrategunda en ekki er hægt að útiloka það.

Mælt er með að bólusetja alla kálfa í hjörðinni.

Viðeigandi lífvarnir til að takmarka hættu á að sýking af völdum nautgripakórónuveiru komi upp og berist áfram á viðkomandi svæði eiga að vera hluti af aðgerðum.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Dýralyfið má nota á meðgöngu.

EKKI hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins við mjólkurgjöf.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Fyrir liggja upplýsingar um öryggi og verkun sem sýna fram á að gefa má þetta bóluefnri rétt fyrir eða eftir gjöf Bovilis INtransal RSP Live. Gefa skal 2 ml (1 skammt) af hvoru bóluefnri (bóluefnin gefin hvort í sína nösina). Lesa skal lyfjaupplýsingar um hitt dýralyfið áður en það er gefið.

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýralyfi en ofangreindu bóluefnri.

Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ofskömmtun:

EKKI varð vart við aðrar aukaverkanir en þær sem nefndar eru í kaflanum „Aukaverkanir“ eftir að of stór skammtur sem nam 10-földum skammti var gefinn af bóluefninu.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

EKKI má blanda þessu dýralyfi saman við neitt annað en leysi sem fylgir til notkunar með því.

7. Aukaverkanir

Nautgripir:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Útferð úr nefi, hraðari öndun, hósti Hækkaður líkamshiti ¹
Algengar (1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð):	Útferð úr augum

¹Hækkaður líkamshiti allt að 40,7°C, sem gengur venjulega til baka innan þriggja daga.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda: {lysing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar í nef.

Gefa skal kálfinum stakan skammt sem nemur 2 ml af blönduðu bóluefnri í aðra nösina á fæðingardegi eða síðar.

Blanda skal frostþurrkaða lyfinu við meðfylgjandi leysi (Unisolve) eins og lýst er hér að neðan. Ganga skal úr skugga um að frostþurrkaða lyfið sé fyllilega blandað fyrir notkun.

Skammtar í hettuglasi	Nauðsynlegt rúmmál leysis	Rúmmál skammts
1	2 ml	2 ml
5	10 ml	2 ml
10	20 ml	2 ml
20	40 ml	2 ml

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Leiðbeiningar fyrir blöndun:

Blanda skal frostþurrkaða lyfið á réttan hátt með því að flytja leysinn (Unisolve) í hettuglasið með frostþurrkaða lyfinu með flutningsnál eða nál og sprautu.

Þegar um er að ræða umbúðir með 10, 20 og 50 skömmum krefst það tveggja skrefa blöndunar þar sem leysirinn er settur í hettuglasið með frostþurrkaða lyfinu og síðan astur í hettuglasið með leysinum.

Sjá viðeigandi rúmmál í töflunni hér fyrir ofan. Lofttæmið í bóluefnishettuglasinu auðveldar það að setja leysinn hratt í hettuglasið með frostþurrkaða lyfinu. Tryggja skal að lyfið endurdreifist fyllilega með því að hrista hettuglasið. Draga má bóluefnisdreifuna upp í sprautu með hreinum stút. Einnig má setja hettuglasið með blandaða bóluefninu í fjölskammta gjafarbúnaði.

Bóluefnið er nú tilbúið til gjafar í nös, beint úr stút sprautu eða gjafarbúnaði. Ekki þarf á úðabúnaði að halda.

Við bólusetningu dýra er mælt með að skipta um sprautur eða stút fjölskammta gjafarbúnaðar fyrir hvert dýr til að koma í veg fyrir sýklasmit.

Blandaða lyfið er litlaus eða beingul dreifa.

10. Biótími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Frostþurrkað lyf: Geymið í kæli (2°C – 8°C). Má ekki frjósa. Verjið gegn ljósi.

Leysir: Geymið við lægri hita en 25°C ef geymt án frostþurrkaðs lyfs. Má ekki frjósa.

Geymsluþol eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum: 24 klst. Geyma má blandað bóluefni við stofuhita.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir Exp. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/294/001-008

Pakkningastærðir:

Pappaaskja með:

- 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 2 ml af leysi
 - 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 10 ml af leysi
 - 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 20 ml af leysi
 - 5 x 1 skammtur af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 2 ml af leysi
 - 5 x 5 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 10 ml af leysi
 - 5 x 10 skammtar af frostþurrkuðu lyfi + 5 x 20 ml af leysi
- Pappaaskja með 20 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + Pappaaskja með 40 ml af leysi
- Pappaaskja með 50 skömmum af frostþurrkuðu lyfi + Pappaaskja með 100 ml af leysi

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

{MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Intervet International B.V., Wim de Körverstraat 35, 5831 AN Boxmeer, Holland

België/Belgique/Belgien

Tél/Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Република България

Тел: + 359 28193749

Česká republika

Tel: + 420 233 010 242

Danmark

Tlf: + 45 44 82 42 00

Deutschland

Tel: + 49 (0)8945614100

Eesti

Tel: + 37052196111

Ελλάδα

Τηλ: + 30 210 989 7452

Lietuva

Tel: + 37052196111

Luxembourg/Luxemburg

Tél/Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Magyarország

Tel.: + 36 1 439 4597

Malta

Tel: + 39 02 516861

Nederland

Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Norge

Tlf: + 47 55 54 37 35

Österreich

Tel: + 43 (1) 256 87 87

España
Tel: + 34 923 19 03 45

France
Tél: + 33 (0)241228383

Hrvatska
Tel: + 385 1 6611339

Ireland
Tel: + 353 (0) 1 2970220

Ísland
Sími: + 354 535 7000

Italia
Tel: + 39 02 516861

Κύπρος
Τηλ: + 30 210 989 7452

Latvija
Tel: + 37052196111

Polska
Tel.: + 48 22 18 32 200

Portugal
Tel: + 351 214 465 700

România
Tel: + 40 21 311 83 11

Slovenija
Tel: + 385 1 6611339

Slovenská republika
Tel: + 420 233 010 242

Suomi/Finland
Puh/Tel: + 358 10 2310 750

Sverige
Tel: + 46 (0)8 522 216 60

United Kingdom (Northern Ireland)
Tel: + 353 (0) 1 2970220